

**Stofnanabáttur kjarasamninga**  
**Kjarafélags Tæknifræðingafélag Íslands,**  
**Kjarafélags Viðskipta- og hagfræðinga,**  
**Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga,**  
**Stéttarfélags lögfræðinga,**  
**Stéttarfélags Verkfræðinga,**  
**Útgarðs – félag háskólamanna**  
**og Siglingastofnunar Íslands.**

Siglingastofnun Íslands annars vegar og ofangreind félög hins vegar gera með sér eftirfarandi samning um forsendur og reglur um röðun starfa hjá stofnuninni. Heimild til samningsgerðarinnar og almennar forsendur hennar er að "finna í kjarasamningum stéttarfélaganna og fjármálaráðherra sem undirritaðir voru 28. febrúar og 9. mars 2005 með gildistöku frá 1. febrúar 2005."

### 1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í ofangreindum félögum, sem starfa hjá Siglingastofnun Íslands.

### 2. Meginmarkmið


Aðilar eru sammála um eftirfarandi meginmarkmið:

- Að tryggja stofnuninni hæft og gott starfsfólk í góðu og framsæknu starfsumhverfi.
- Að launakerfið verði sveigjanlegt til að bregðast við breyttum innri og ytri aðstæðum.
- Að jafnræðis verði gætt í launaákvörðunum og þannig stuðlað að jöfnum launum fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis
- Að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar

### 3. Starfshópar

Við röðun í einstaka launahópa skal neðangreint haft til hliðsjónar:

Hópur	Gr.fl.	Skýringar
1	14	Forstöðumenn sviða.
2	12	Deildarstjórar og fagstjórar, með mannaforráð, mikla þekkingu og reynslu á sérhæfum verkefnum.

  
SAG Hla  
J.B.  
G.S.V. J.B.

3	10	<b>Verkefnastjórar</b> , bera fjárhagslega og verklega ábyrgð á verkum eða bera faglega ábyrgð á krefjandi verkefnum. Verkfræðingar og tæknifræðingar sem eru með verkumsjón, hönnun og eftirlit með framkvæmdum.
4	09	<b>Sérfræðingar II</b> , bera faglega og verklega ábyrgð á verkefnum. Gerðar eru kröfur um 105 ein. háskólapróf og starfsreynslu sem nýtist í starfi, meistaragráðu að lámarki 5 ára háskólanám. Bera faglega og verklega ábyrgð á verkefnum.
5	08	<b>Sérfræðingar I</b> , bera faglega ábyrgð á verkum. Gerð er krafa um háskólamenntun með 90 einingar, sem nýtast í starfi og starfsreynslu, ber faglega ábyrgð á verkefnum. Nýútskrifaðir háskólamenn með meistaragráðu.
6	06	<b>Háskólamenn</b> með 90 eininga háskólagráðu og litla starfsreynslu, vinna undur stjórn annarra.

Í sérstökum tilfellum þegar verkefni starfsmanna fellur ekki að hinum almennu skilgreiningum er heimilt að raða honum með öðrum hætti.

#### 4. Mat á einstökum þáttum.

**4.1 Starfsaldur hjá Siglingastofnun Íslands skal metinn á lóðréttan ás.**  
Einn launaflokkur kemur eftir eins árs starf hjá stofnuninni .

#### 4.2 Starfsreynsla

Einn launaflokkur kemur eftir 3 ára starfsreynslu. Einnig skal meta starfsreynslu á lárétta ásnum:

<u>Starfsreynsla</u>	<u>Álagsflokkar</u>
5 ár	1 álagsflokkur
7 ár	1 álagsflokkur

#### 4.3 Menntun

Menntun fyrir hópa 2 til 6 skal metinn í álagsflokkum á láréttum ás. Starfsmaður með 105 eininga háskólagráðu, sem nýtist í starfi skal fá 1 álagsflokk (2,5%).

Starfsmaður sem hefur meistaragráðu eða sambærilega menntun með 150 eininga eða meira háskólanám, sem nýtist í starfi skal fá 2 álagsflokka (5%).

*[Handwritten signature]*  
A.S.V.  
SAB/KK  
J.B. J.V.

#### 4.4 Starf

Forstöðumenn fá 4 álagsflokka og staðgenglar forstöðumanna fá 1 álagsflokk.

#### 4.5 Hæfnisflokkur

Við röðun starfs í launaflokka umfram sem greitt er í liðum 4.1 til 4.3 skal taka tillit til þess að ýmsir þættir geta orðið til að raða starfi ofar en grunnröðun gefur tilefni til s.s.:

- Starfið er mjög umfangsmikið,
- Stafið felur í sér sérstaka ábyrgð,
- Hæfniskröfur, sem gerðar eru til starfsins, eru meiri en almennt gerist,
- Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða tímabundið,
- Starfið felur í sér flókið verkefni.

Við mat á ofangreindum atriðum skal leggja fram rökstuðning og nær hækkun einungis til hópa 2 til 6 og getur hækkunin orðið 1-4 álagsflokkar vegna hæfni.

#### 5. Jafnræðisregla.

Mat á því hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

#### 6. Gildistími.

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. maí 2006 og kemur hann í stað samninga milli aðila frá 12. júní 2003. Samningurinn verður tekinn til endurskoðunar eftir eitt ár.



Gert í Kópavogi, 22. mars 2006

F. h. Siglingastofnunar Íslands

F. h. Stéttarféлага

Hermann Guðjónsson  
Sigurður Áss Grétarsson  
Guðmundur Helgason

Sigtryggur Benediktsson  
Jóhanna Stefánsdóttir  
Guðjón Scheving Tryggvason





## Samkomulag

Aðilar stofnanabáttar kjarasamnings Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands, Kjarafélags Viðskipta- og hagfræðinga, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélags lögfræðinga, Stéttarfélags Verkfræðinga, Útgarðs – félags háskólamanna og Siglingastofnunar Íslands sem gerður var hinn 22. mars 2006 lýsa því hér með yfir að samningur þessi nær einnig til Félags íslenskra félagsfræðinga en nafn þess féll niður fyrir mistök.

Gert í Kópavogi, dags. 24. apríl 2006

F. h. Siglingastofnunar Íslands  
Hermann Guðjónsson  
Sigurður Áss Grétarsson  
Guðmundur Helgason



F. h. Stéttarfélag  
Sigtryggur Benediktsson  
Jóhanna Stefánsdóttir  
Guðjón Scheving Tryggvason

